

## ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS

um ráðstöfun eigna og skulda

**Kaupþings banka hf., kt. 560882-0419, til Nýja Kaupþings banka hf., kt. 581008-0150.**

Samkvæmt heimild í 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda Kaupþings banka hf.:

### EIGNIR:

1. Öllum eignum Kaupþings banka hf. hverju nafni sem nefnast, svo sem fasteignum, lausafé, reiðufé, eignarhlutum í öðrum félögum og kröfuréttindum, er ráðstafað til Nýja Kaupþings banka hf. þegar í stað. Þær eignir og réttindi sem tilgreindar eru í VIÐAUKA eru þó undanskildar framsalinu. Nýi Kaupþing banki hf. yfirtekur jafnframt samningsbundin afnotaréttindi til fasteigna og lausafjár, nema að því marki sem þau eru sérstaklega undanskilin í samantekt með nýjum stofnefnahagsreikningi. Réttindi og skyldur samkvæmt afleiðusamningum flytjast ekki yfir til Nýja Kaupþings banka hf.
2. Nýi Kaupþing banki hf. tekur jafnframt við öllum tryggingaréttindum Kaupþings banka hf., þ.m.t. öllum veðréttindum, ábyrgðum og öðrum sambærilegum réttindum sem tengjast kröfum bankans. Nýi Kaupþing banki hf. skal þó standa Kaupþing banka hf. skil á sérgreindum tryggingum viðskiptamanna eftir því sem við á vegna kröfuréttinda og afleiðusamninga sem ekki flytjast yfir til Nýja Kaupþings banka hf. við þessa ákvörðun eða samkvæmt síðara samkomulagi.
3. Nýi Kaupþing banki hf. yfirtekur allar óefnislegar eignir og réttindi, þ.m.t. vörumerki og einkaleyfi, skráð sem óskráð, hjáheiti, gagnasöfn, hugbúnað og leyfi vegna hans svo og öll sambærileg réttindi hvort sem þau byggjast á samningi, skráningu, opinberum leyfum eða einhverju öðru, nema að því marki sem slík réttindi eru sérstaklega undanskilin í samantekt með nýjum stofnefnahagsreikningi.
4. Eftirtöldum aðilum er falið að skrá eða yfirfæra réttindi og/eða eignarheimildir Nýja Kaupþings banka hf. samkvæmt 1.-3. tl. til allra þeirra fasteigna, verðbréfa, lausafjár, bankainnstæðna og/eða allra annarra réttinda:
  - a. Seðlabanka Íslands
  - b. Fjármálafyrirtækjum
  - c. Verðbréfaskráningu Íslands hf.
  - d. Þinglýsingastjórum, skv. ákvæðum þinglýsingarlaga nr. 39/1978
  - e. Landskrá fasteigna / Fasteignamat ríkisins
  - f. Einkaleyfastofu
  - g. Hýsingaraðilum léna sem Kaupþing banki hf. og tengdir aðilar hafa nýtt sér
  - h. Fjarskiptafyrirtækjum
  - i. Þjóðskrá
  - j. Nasdaq OMX (Kauphöll Íslands)
  - k. Stjórnnum félaga sem bera ábyrgð á skráningu réttinda í hlutaskrá o.þ.h.
  - l. Öðrum þeim aðilum sem hafa með skráningu réttinda að gera.

5. Nýi Kaupþing banki hf. tekur frá og með 22. október 2008 kl. 9.00 við starfsemi sem Kaupþing banki hf. hefur haft með höndum og tengist hinum framseldu eignum, þ.m.t. aðild Kaupþings banka hf. að hvers konar greiðslukerfum. Jafnframt tekur Nýi Kaupþing banki hf. frá og með því tímamarki við réttindum og skyldum samkvæmt samningum um vörslu og eignastýringu við viðskiptavinum Kaupþings banka hf. á Íslandi.
6. Greiðslustaða skuldaskjala miðast við sama tímamark og greinir í 5. tl. hér að framan. Greiðslustaður skuldaskjala hjá Kaupþing banka hf. telst vera í samsvarandi útibúi hjá Nýja Kaupþing banka hf. og teljast víxlar jafnframt rétt sýndir til greiðslu hjá Nýja Kaupþing banka hf.

#### SKULDIR OG AÐRAR SKULDBINDINGAR:

7. Nýi Kaupþing banki hf. yfirtekur skuldbindingar í útibúum Kaupþings banka hf. á Íslandi vegna innlána frá fjármálafyrirtækjum, Seðlabanka Íslands og öðrum viðskiptavinum. Innstæður flytjast yfir miðað við stöðu og áunna vexti á tímamarki framsals skv. 5. tl. Ekki er þörf á innköllun eða auglýsingu vegna þeirrar færslu.
8. Nýi Kaupþing banki hf. yfirtekur skuldbindingar samkvæmt inn- og útflutningsábyrgðum, ábyrgðir vegna efnda fyrirtækja og einstaklinga er tengjast reglubundinni starfsemi. Nýi Kaupþing banki hf. yfirtekur ekki ábyrgðir Kaupþings banka hf. vegna: a) skuldbindinga dótturfélaga erlendis, b) fyrirtækja í greiðslustöðvun, undir nauðasamningi eða gjaldþrotaskiptum, c) skuldbindinga þeirra sem eiga virkan eignarhlut í Kaupþing banka hf. og tengdra aðila, d) skuldbindinga við íslensk fjármálafyrirtæki; e) aðrar sérstaklega tilgreindar ábyrgðir samkvæmt upptalningu í samantekt með nýjum stofnefnahagsreikningi.
9. Yfirteknar eru veðskuldir er hvíla á fullnustueignum sem flytjast til Nýja Kaupþings banka hf.

#### MAT Á EIGNUM OG UPPGJÖR:

10. Um nánari meðferð einstakra liða í skiptingu efnahagsreiknings er kveðið á um í sérstöku skjali sem Fjármálaeftirlitið hefur staðfest („Forsendur fyrir skiptingu efnahagsreiknings“) og drögum að nýjum stofnefnahagsreikningi og meðfylgjandi samantekt. Nýi Kaupþing banki hf. skal varðveita öll gögn sem tengjast lögbundnum gagnasöfnum m.t.t. peningaþvættisreglna, bókhalds o.þ.h.
11. Fjármálaeftirlitið skipar viðurkenndan matsaðila til þess að meta sannvirði eigna og skulda sem ráðstafað er til Nýja Kaupþings banka hf. samkvæmt þessari ákvörðun. Að því mati loknu skal fara fram uppgjör þar sem Nýi Kaupþing banki hf. skal greiða Kaupþing banka hf. mismun á virði eigna og skulda er miðast við tímamark framsals skv. 5. tl. Niðurstaða matsaðila skal liggja fyrir innan 90 daga frá ákvörðun þessari.
12. Nýi Kaupþing banki hf. skal gefa út skuldabréf til Kaupþings banka hf. til greiðslu endurgjaldsins. Skilmálar skuldabréfsins skulu liggja fyrir innan 10 daga frá því að niðurstaða matsaðila liggur fyrir. Verðmæti skuldabréfsins skal staðfest af alþjóðlega viðurkenndu matsfyrirtæki sem Fjármálaeftirlitið skipar.

## ÖNNUR ATRIÐI


13. Framsal kröfuréttinda samkvæmt þessari ákvörðun skal ekki svipta skuldara rétti til skuldajöfnuðar sem hann átti gagnvart fyrri kröfuhafa eða þrotabúi hans. Við uppgjör skv. 11. og 12. t. skal áætla fjárhæð sem vegna skuldajöfnunar gæti dregist frá þeim kröfum Nýja Kaupþings banka hf. sem hann yfirtekur samkvæmt þessari ákvörðun.
14. Engin vanefndaúrræði viðsemjanda skulu taka gildi sem afleiðing af ákvörðun þessari.

Ákvörðun þessi byggir á fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum. Reynist hún byggð á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, forsendur ákvörðunarinnar bregðast verulega eða Fjármálaeftirlitið telur að önnur skipan mála sé nauðsynleg getur Fjármálaeftirlitið gert hvers konar breytingar á ákvörðun þessari, þ.m.t. að fella hana úr gildi í heild eða að hluta.


Ákvörðun þessi var tekin af stjórn Fjármálaeftirlitsins og öðlast hún þegar gildi.

## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

21. október 2008



Jón Sigurðsson  
Formaður stjórnar



Jónas Fr. Jónsson  
Forstjóri

## VIÐAUKI

með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 21. október 2008.

Eftirtaldar eignir Kaupþings banka hf. verða ekki framseldar til Nýja Kaupþings banka hf.:

### Eignir

- a. Kröfur á fjármálafyrirtæki þar sem Fjármálaeftirlitið hefur gripið til aðgerða á grundvelli ákvæða 5. gr. nr. 125/2008.
- b. Verðbréf útgefin af fjármálafyrirtækjum þar sem Fjármálaeftirlitið hefur gripið til aðgerða á grundvelli ákvæða 5. gr. 125/2008.
- c. Kröfur og sjóðsstreymi vegna krafna veðsettar öðrum fjármálafyrirtækjum.
- d. Allar eignir erlendra útibúa Kaupþings banka hf.
- e. Kröfur Kaupþings banka hf. á útibú sín erlendis og dótturfélög.
- f. Eignarhlutir í erlendum dótturfélögum.
- g. Aðrar eignir sérstaklega tilgreindar í samantekt og sem tekið er tillit til í stofnefnahag hins nýja banka.

Nánari sundurliðun er í stofnefnahagsreikningi og skýringum með honum í sérstakri samantekt.

*J. H.*